

Einar E. Sæmundsen
=====

DAGBOKARSKÝRSLA 1931
=====

Norðurför sumarið 1931.

För þessi dróst um nokkura daga frá því, sem ég hafði fyrst ákveðið. Var Einar sonur minn austur í Laugardal og þurfti ég að síma eftir honum þangað og síðan útbúa hann. Einn af hestum mínum hafði ekki náðst úr vetrarfóðri sínu í Grímsnesi og varð ég því að gera þær ráðstafanir símleibis að hann yrði fyrst sendur út að Efri-Brú, en þaðan upp að Skógarkoti í veg fyrir mig. En þegar þessu var öllu komið í kring og við ferðbúnir veiktist kona mín hastarlega svo að ferðin frestaðist í þrjá daga þess vegna.

Föstudaginn 17. júlí, nálægt nóni, lögðum við af stað upp úr Reykjavík. Höfðum við fjóra hesta og héldum sem leið liggur upp Mosfellsdal og austur nýja veginn. Fengum rigningarsúld alla leið. Náðum við að Skógarkoti og vórum þar nóttina, þangað var kominn hestur minn framan úr Grímsnesi.

Laugardagur, 18. júlí.

Varð dálítill leit að hestum mínum, sem sleppt hafði verið í hraunið kveldinu áður. Þurftum að járna hestinn, sem framan úr Grímsnesi kom, svo að nær var hádegi, er við héldum af stað. Var sólskin og giti mikill, hestunum því ómótt mjög, en kólnaðir er kom upp á Uxahryggi. Gekk ferðin vel og náðum við að Brennu um kveldið, fengum þar gistingu og áttum þar góða nótt. Skoðaði ég trjágróður í skrúðgarðinum og gerði þar ýmsar mælingar. Sömu- leibis athugaði ég mjög nákvæmlega fræplönturnar í girðingunni utan túns.

Sunnudagur, 19. júlí.

Um morguninn símaði Böðvar fyrir mig að Varmalæk að spyrja hvort þangað væri kominn hestur frá Beigalda, sem ég hafði lofað að taka með norður að Grenjabarstöðum til prestsins þar. En hesturinn var ekki að Varmalæk kominn. Vóru þá Varmalækjarmenn beðnir að síma að Beigalda og fá sent að Bóndhól og láta vita um ferð mína og að hesturinn þyfti að vera kominn í og fyrir mig úr því að hallaði að nóni. Héldum svo að Oddsstöðum og skoðaði ég fræplönturnar þar í bfekkunum. En töf varð ítil, því að allt fólkíð var að búa sig að heiman á skemmtisamkomu í fundarhúsinu að Lundi. Héldum við svo áfram og urðum fókinu samferða á mótis við Gullberastaði. Þangað kom ég sem allra fljótast, og sýndu

hjónin sem annars voru ferðbúin á skemmtunina mér girðinguna og athugaði ég hana allvel þó í flaustri væri. Urðum við svo þeim hjónum samferða út að fundarhúsinu, en þar var mesti fjöldi fólks saman safnaður. Áði ég þar aðeins örlitla stund og fann Þorstein frá Skálpastöðum, sem ekki vildi annað en ríða heim með okkur og láta veita okkur beina. Töfðum svo dálitla stund á Skálpastöðum. Komum við að Varmalæk nálægt miðjum aftni og símaði ég þangað að Síðumúla og bað gistingar, sem mér var sögð heimil. Komum við þangað nálægt náttmálum og var þar fyrir fjöldi skemmtiferðafólks bílandi og ríðandi, er allt hélt þó leiðar sinnar um kveldið.

Síðari hluta næturinnar hafði ég engan svefnfrið fyrir sárindum ofarlega á læri. Var helzt útlit fyrir að þar mundi vara að búa um sig kýli og var allt annað en gott í efni að eiga langa ferð á hestbaki fyrir höndum þannig til reika, ~~xpx~~ því að óþægindi hafði ég strax af því að tylla mér á stól er ég klæddi mig um morguninn. Símaði þá Andrés fyrir mig til læknisins á Kleppjárnsreykjum og veldi læknir að ég kæmi til sín ef ég ætti þess nokkurn kost. Þar var í Síðumúla staddur vörubóll og fékk ég hann til þess að skjótast með mig. Var þá nokkur kominn í lærið og graftrarnabbar í kring, skóf læknir það allt upp og hreinsaði og bjó svo um. Ráðlagði hann mér að halda kyrru fyrir í Síðumúla um dagana og sjá hvort bólgan hyrfi ekki. Gerði ég það og lá mest fyrir og svaf samilega um nóttina.

Þriðjudagur, 21. júlí.

Var ég þar hress og fann lítið til verkjar, að ég bjó mig til ferðar, ætlaði ég fyrst aðeins að Fornahvammi, en þegar þangað kom hafði mér ekkert versnað svo að við ákváðum að halda norður yfir heiðina. En báðum Jóhann að síma að Grænumýrartungu og biðja um gistingu. Hrepptum við versta veður á heiðinni rok og kulda en allir háttaðir er við komum að Grænumýrartungu. Hafði Jóhann aldrei símað og vissi fólkið ekkert um okkur. Þó var okkur veittur góður beini. Hestunum slepptum við austur fyrir túngirðinguna, en hýstum Borgarfjarðarhestinn um nóttina.

Miðvikudagur, 22. júlí.

Fór Einar að leita hestanna og reið hestinum sem inni var. Fann hann ekki hestana fyrr en spöl fyrir utan Mela og komumst við ekki af stað fyrr en um kl. 1. Að Stað komum við og tókum þar tvo strokuhesta austan úr þingi, sem við áttum að skilja eftir í Vatnsdalshólum. Héldum svo að Lækjarmóti um kveldið og gistum þar.

Fimmtudagur, 23. júlí.

Slagviðrisrigning um morguninn og drógum við fram yfir hádegi að leggja upp. Fengum samt allmikla rigningu austur í Vatnsdalshóla, þá stytta upp og gerði bezta veður. Héldum að Saurbæ um kveldið, komum þar fyrir miðjan aftan og var þá Gísli við heyskap uppi á heiði. En þegar Eggert á Haukagili frétti til komu minnar brá hann sér út að Saurbæ og sátum við á tali þar til Gísli kom.

Föstudagur, 24. júlí.

Um morguninn gengum við feðgar inn að Haukagili. Skoðaði ég reitinn allnákvæmlega og gerði þar margar athuganir og mælingar. Síðan riðum við út að Eyjólfstöðum og Hofi og athugaði ég reitina á báðum bæjum. Þótti mér fróðlegt mjög að fá tækifæri til þess að athuga reiti þessa og bera saman við það sem ég hafði áður séð. Að Saurbæ héldum við um kveldið og vorum þar nóttina.

Laugardagur, 25. júlí.

Fylgdi Gísli okkur svo nefndan Bugsveg og slóst Hannes bóndi á Undirfelli í för með okkur. Er riðið þvert yfir dalinn og upp hjá Vöglum, en þaðan dálítið til suðaustur og beygt svo til norðvesturs. Er þetta greiðfær heiðarvegur, og til mikilla muna stytta öllum þeim, sem norður ætla inzt í Vatnsdal móts við það að ríða póstleiðina um Blönduós munar sennilega og leið. Kömum við niður að Guðlaugsstöðum í Blöndudal, en þar býr Páll hreppstjóri Hannesson, bróðir Guðm. prófessors, en faðir Hannesar á Undirfelli, er okkur varð samferða. Vorum við á Guðlaugsstöðum nóttina og áttum þar góða nótt.

Sunnudagur, 26. júlí.

Á Guðlaugsstöðum er meiri myndarskapur í umbótum og umgengni utan bæjar sem innan, en ég hefi annars staðar séð á bændabúlum. Þar er trjágarður heima við bæinn, en skemst höfðu sum trén vegna snjóþyngsla þá um veturinn. Í Blöndugljúfri beint á móti túninu á Guðlaugsstöðum eru fallegar birkihríslur, sem eflaust bera fræ og mundu sá sér út ef girt væri svæði í kringum þær og friðað. En um stalla í gilinu fer fé og bítur nýgræðinginn jafnóðum. Víðar í Blöndugljúfri eru slíkar birkihríslur bæði fyrir framan og neðan Guðlaugsstaði og sá ég sumar þeirra. Eru þetta einu birkileifarnar í Húnaþingi, og væri vel ef hægt væri að vernda þær og friða, því að ætla má ef að girtar væru og friðaðar spildur í kringum þessi tré, að koma mætti þar upp sjálfsánum skógi.

Frá Guðlaugsstöðum lögðum við upp að aflíðandi hádegi. Riðum við þá fyrst niður dalinn og yrir Blöndu á dragferju hjá Langamyri. Er ferjan lítil og þurfti að skifta hestunum í hana og fara tvær ferðir, því að full vatnsmikil þótti áin að reka hesta í hana þá, sem er þó oft gert. Frá ferjustaðnum er svo riðið niður í tungusporðinn þar sem Svartá rennur í Blöndu og komið á þjóðveginn skammt frá Bólstaðarhlíð. Héldum við svo áfram norður, sem leið liggur og komum hvergi fyrir en að Víðivöllum. Þar var Gísli ekki heima, nýfarinn með stóðhóp norður um og austur í Múlasýslur. En Lilja systir hans tók okkur vel og kvað gisting heimila. Sýndi hún mér garð sinn svo og trjäreit, inn í klöppunum utan og ofan við túnið. Hefir þar þrifist vel bæði birki og barfellir til mikillar þrúði, en þó mun hinn mikli töðugróður tefja nokkuð fyrir. En nú í ráði að girða mest af þessum einkennilegu klöppum til áframhaldandi trjáræktar og getur óvíða fegra né breytilegra land í slíku skapi. Hefir Lilja sjaldgæfan áhuga á trjárækt og hefir bæði hjálpað mönnum um plöntur og ferðast víða um sýsluna til að leiðbeina mönnum í þessu efni. En hún kvartar um að plöntur þær sem hún hefir fengið hafi verið mjög misjafnar að gæðum og sumar lélegar, enda hafi mikill hluti þeirra drepist. Nú langar hana til að koma upp græðireit heima við og ala upp plöntur svo hún geti miðlað fólki þar af, er stundir líða. Væri slíkur græðireitur bezt kominn í sambandi við girðingu þá, er stendur til að setja upp í kringum klappirnar og mætti þá taka dálitla spildu af túninu í því skyni. Færi vel á að Lilja væri styrkt að einhverju leyti til þess að koma þessu áhugamáli sínu í framkvæmd. Auk þess langar Lilju til að koma upp skógi með fræsáningu dálítið upp frá bænum í hvömmum tveim hjá smáfossi, sem sést frá bænum. En þangað fórum við ekki vegna rigningar um morguninn. En eftir því sem hún lýsti landinu, mun þar hálfdeigja-gróður og því hendugt til sáningar.

Mánudagur, 27. júlí.

Héldum við norður um og hrepptum rigningu og þokusúld. Þegar nokkuð kom niður í Öxnadal varð þokan svo svört, að hvergi sá til bæja, þó að aðeins væri steinsnar frá veginum. Náðum við að Bægisá um kveldið og var þokan þá svo svört að okkur varð leit úr bænum og misstum hestana inn á óslegið túnið.

Þriðjudagur, 28. júlí.

Héldum frá Bægisá að Akureyri. Snæddum við þar og áðum í 5 stundir. Höfðum hestana í Caroline Rest á meðan þangað fékk ég dýralækni til þess að tálga uppsprungu á Erni mínum, en hann ráðlagði mér að fá smíðaða hringskeifu og hafa með mér ef eitthvað kæmi uppá. Héldum svo áfram austur yfir Vaðlaheiði. Komum ekki að Vöglum af því ég hugði skógarvörðinn vera við girðinguna á Sigríðarstöðum. Fórum sem leið liggur austur í Sigríðarstaðaskóg. Komum við að tjöldum girðingarmannanna og vöktum þá upp. Sögðu þeir að við mundum geta fengið gistingu á Sigríðarstöðum svo við fórum þangað. Vöktum við Kristján bónda, og lét hann okkur gistingu heimila, þó að fremur mætti heita frumbýlingsháttur í flestu hjá sér. En við tókum því vel og urðum hvíldinni fegnir.

Miðvikudagur, 29. júlí.

Um kyrrt á Sigríðarstöðum. Fór ég til skógarmanna okkar og athugaði verk þeirra mér til leiðbeiningar, en hefði þó gert það betur ef ekki hefði rignt allan daginn. Af sömu ástæðum hvarf ég frá því að skreppa til Vagla og heilsa upp á skógarvörðinn, sem ekkert hafði getað verið við girðinguna vegna hlöðubyggingar, en þá stóð yfir hjá honum.

Fimmtudagur, 30. júlí.

Fórum frá Sigríðarstöðum og áðum ekki fyrr en á Breiðumýri. Töfðum þar litla stund hjá læknum. Héldum svo að Helgastöðum og fengum fylgd, yfir ána hjá Vatnshlíð. Var hún í vexti vegna undangenginna rigningar, en sluppum þó við sund. Síðan héldum við að Grenjaðarstöðum og skiludum þangað hestinum. Var prestur nýfarinn suður, en frúin bauð okkur kaffi og var það þegið. Þegar við fórum þaðan skellti yfir svarta þoku. Komum við að Prestshvammi og spurðum þar til vegar. Var okkur ráðlagt að fara ekki lengra, því að mjög væri vandratað ókunnugum í svarta þoku að finna fara leið heima að Brekkukoti. Var og dagur að kveldi kominn, svo að við fórum ekki lengra.

Föstudagur, 31. júlí.

Fylgdi Gísli í Prestshvammi okkur upp yfir brún og það langt að við sáum heim að Brekkukoti og sagði okkur til vegar, enda var þess full þörf því að forarflói liggur eftir öllum dalnum og svo að segja fast með túninu í Brekkukoti, og ófær víðast hvar, aðeins beint undan bænum er fært yfir hann og þarf þó að rekja sig. Farnaðist okkur vel, og náðum heim. Þar var aðeins önnur syst-~~kinn~~ irin heima, báðir bæðurnir, Böðvar og Þórður út við hverfi,

en drengur sendur eftir þeim. Þá tók veður að glaðna og sói að skína svo að nú var hægt að snúa töðu í fyrsta sinn frá því sláttur hófst. Fékk ég þá bræður með mér til að sýna mér girðingarástæðið. Upphaflega hafði verið ætlast til eftir því sem mér skildist að hafa stuðning að gamahli girðingu á tvo vegu, en eftir því sem Jónasi bróður Böðvars sagðist frá, en hann talaði við skógræktarstjóðann þá um vorið, mundi hann horfinn frá því. Sá ég fljótt að eftir litlu eða engu mundi að slægjast að nota girðinguna að norðanverðu, en neðan með brökkunni, alla leið frá heimatúni og út að hverum er djúpur og breiður skurður og með honum garður með einum gaddavírsstreng ofan á. Þótti mér sjálf-sagt að nota svo góða aðstöðu, því með öðrum streng ofan á garðinn fengist fullkomin vörn. Með þessu vannst og tvennt: hið girða svæði mundi stækka að mun, og batra og tryggara girðingarstæði fást. Undir brekkunni er fráleitt girðingarstæði vegna fannfergju, en land það bezt fallið til sáningar. Annars er landið gamalt skóglendi, hálfdeigju gróður í slökkum en ofar vaxið fjalldrapa lyngi og mjög feysknu, lágu og kræklóttu birkikjarri.

Laugardagur, 1. ágúst.

Völdum við Einar girðingarstæðið og mældum. Var það all-torsótt því að hnitmiða varð lengd þennar sem næst við efnið, en reyna að forðast snjóþyngsli og þó einkum að komast hjá því að hafa mörg horn því lítið grjót og steypuefni var sem ofar dró og vegir torsóttir. Ágætis þurrkur var þennan dag og sinntu bræður honum.

Sunnudagur, 2. ágúst.

Þurrkur áfram og allir í heyi. Þó skrápp Böðvar með mér út í brekku til að athuga nánar girðingarstæði það sem ég hafði valið. Breyttum við því lítils háttar eftir því sem Böðvar taldi að betur mundi fara vegna snjóá. Litum við svo eftir samdi og möl. Gerði Böðvar ráðstafanir til þess að Jónas bróðir hans reyndi að útvega mann úr vinnu að Laugaskóla, en þar var Jónas verkstjóri, til þess að vinna við girðinguna nokkura daga, því að þeir bræður, Böðvar og Þórður máttu ekki missa sig frá heyskapnum jafn fálíð- aðir og þeir vóru. Átti svo þessi Laugaskólamaður, ef fengist að koma næsta morgun.

Mánudagur, 3. ágúst.

Ágætis þurrkur, sói og sunnanvindur, en hvessti svo að ekki mátti hreyfa hey þegar leið að hádegis. Fóru þeir þá með mér Þórður

og Einar og óku sandi, mól og grjóti á norðurlínunum, og leystum upp steina í væntanleg sig. Vórum við að þessu í 6 stundir, en þáádró úr storminum svo hægt var að sinna töðunni. Var fólkið að sæta fram yfir miðnætti. Ekki kom neinn maður frá Laugaskóla, og töldu þeir bræður að ekki mundi verða á því að byggja.

Þriðjudagur, 4. ágúst.

Ágætis þurkur og allir að sæta og binda. Sendi Böðvar út á bæi að falast eftir manni, og fékk loforð fyrir manni í Heiðarbót er kæmi daginn eftir.

Miðvikudagur, 5. ágúst.

Kom maðurinn um hádegi. Grófunþeir Einar fyrir hliðstólpunum að norðan og steypum þá að mestu leyti og einn strengistólpa á brúninni upp frá hliðinu, en vantaði grjót til að fullgera hliðstólpana. Fór maðurinn um kveldið og kom ekki aftur.

Fimmtudagur, 6. ágúst.

Vann Þórður með okkur Einari þennan dag. Lukum við hliðstólpana, því að Böðvar hafði eldsnemma um morguninn ekið grjóti og mól, sem vantaði. Héldum svo áfram að grafa holur og steypa nokkura horn og strengistólpa á norður og austur línunni.

Föstudagur, 7. ágúst.

Þórður í heyi hjá sjálfum sér, en Böðvar með okkur Einari. Héldum áfram að steypa niður staura og aka að grjóti og mól, hvort tveggja mjög seinlegt, bratt að aka og sums staðar langt í grjót.

Laugardagur, 8. ágúst.

Vóru þeir með mér Þórður og Einar. Lukum við að steypa síðasta hornstaurinn, grófum fyrir hliðstólpunum á suðuflínunni og byrjuðum að raða grjóti í holunnar, en aðalgrjótið vantaðisvo að ekki var hægt að byrja að steypa, þurfti að aka því talsvert langan veg og erfiðan. Kl 5 síðdegis hættum við vinnu, og lögðum við Einar á stað inn í Reykjadal. Lék mér hugur á að koma að Laugaskóla og líta á girðingarnar þar. Um nóttina gistum við hjá læknum á Breiðumýri.

Sunnudagur, 9. ágúst.

Fór ég snemma um morguninn að Laugaskóla, fann Konráð Erlends-son, því að Arnór skólastjóri var ekki heima. Fór Konráð með mér vestur fyrir á og gengum við með allri girðingu íþróttasvæðisins. Stendur hún þolanlega, hefir slitnað á tveim stöðum vegna snjóþyngsla en verið bætt. En hún er öll meira og minna bæld vegna þess að klofast er yfir hana hvar sem að henni er komið. Hefi ég aldrei sannfærst betur um hve nauðsynlegt er að hafa gaddavírsstreng

vel strengdan ofan við . Aftur á móti stóðu hornstraumar allir þrýðilega, höfðu ekki haggast hið minnsta. Og vetrarflóð, með jakaburði úr ánni hafði engum skemmdum valdið á Myllueyrinni, því að hnausagarðuinn undir girðingunni hlífði.

Í fyrra vor voru gróðursettar nokkurar birkiplöntur í girðingunni en voru flestar dauðar eða verr en það. Voru þær fengnar frá Vöglum og sennilega af stóru græðireitsplöntunum.

Í húsmæðraskólagirðingunni hafði ekkert verið gróðursett, og ekki er en sett rimlagirðingin sem ætlast var til að fylgdi með veginum og framhlið skólans. Aftur á móti hefir norðurálmunni verið spilt við byggingu leikfinishússins, hornstaurinn færður nær húsmæðraskólanum og illa frá honum gengið. Var álma þessi sett upphaflega eftir skipulagsuppdretti sem Arnór skólastjóri hafði og ákvað hann sjálfur legu hennar og fullyrti að aldrei kæmi til annars en að leikfinishúsið kæmi til að standa utan hennar. - Skólastýran, fröken Kristjana Pétursdóttir, var ekki heima, og þá engan við að tala um framtíðarhorfur trjáraktar í reitnum.

Þegar ég kom aftur að Breiðumýri voru ungmennafélagar sveitarinnar samankomnir í trjágarðinum að slá töðuvöllin þar. Báðu þeir mig að líta á trén og benti ég þeim á að nauðsynlegt væri að grísa í garðinum. Þyrfti bæði að klippa undir aðrar hríslur og nokkurar sem stóðu of þétt auk greina sem þyrfti að skera af stofnum. Bauð ég þeim aðstoð mína að hjálpa til að gera þetta, er ég yrði síðar á ferð. En dauft var í það tekið og varð heldur ekki gert.

Frá Breiðumýri héldum við um Einarsstaði að Halldórsstöðum. Fór Jóna bóndi með okkur þaðan í Helgastaði og út í Vatnshlíð. Sýndi hann okkur margar fallegar hríslur og er góður vöxtur víða í þeim skógi, og hann líklegur til mikils þroska. Héldum við senn heimleiðis og hittum við brýrnar á Laxá þrjá af dönskumalandi mönnunum, sem ég talaði við dálitla stund.

Mánudagur 10. ágúst.

Skrepp Þórður um morguninn til að aka grjóti að hliðinu og leysa upp sigsteina. Var talsverð rigning allan daginn svo við Einar héldum okkur heima. Komu tveir sláttumenn til Böðvars og slóu þeir 4 fram á kveld.

Þriðjudagur 11. ágúst.

Þurkur og bezta veður. Var Þórður með okkur allan daginn. Lukum við að steypa niður hliðstaurana að sunnan, dreyfðum öllum stólpum og rákum niður staura á suðurhliðinni.

Miðvikudagur 12. ágúst.

Var Þórður enn með okkur allan daginn. Reknir niður flestir staurar nema fáeinir undir brekkunni upp frá norðurhliðinni. Gengið frá einu sigi við hornstaurinn á norð- austurlínunni og rakið og fest saman netið á allri norðurlínunni.

Finntudagur 13. ágúst.

Brakandi þerrir og urðu þeir bræður að sinna hirðingu. Þó skruppu þeir með okkur Einarí fyrir hluta dags og strengdum við þá netið á allri norður línunni (þrjárstrengingar) ~~XXXXXXXXXX~~ ~~SIX~~ settum eitt sig og strengdum eina strengingu (rúml 60 m) á austurlínunni. Vorum við að þessu 3 stundir. Síðari hluta dags- ins vorum við svo Einar að festa upp á staura og lagfæra þá.

Föstudagur 14. ágúst.

Rigning fyrrihluta dags. Vóru þeir með mér Einar og Þórður og ætluðum við að ganga frá staurunum undir brekkunni á norður- línunni, en þá skelti yfir svo kafniða þoku að ég sá ekki merki- staurana sem ég þurfti að sigta eftir. Snerum okkur þá að því að festa netið upp á staurana, jafna dálítið undir og ákveða sig. lét ég þá síðan halda áfram að rekja netið. Fékk ég tilkynningu um að mæta í síma á Ytrafjalli kl. 9 árdegis næsta dag til við- tals við Hóla í Hjaltadal.

Laugardagur 15. ágúst.

Sama svarta þokan um morguninn. Ráðlagði Böðvar mér að verða sér samferða að Laxamýri (hann var að fara út á Húsavík) og síma þaðan. Þangað væri langtum greiðari vegur og fljótt- farnara en stytta leið að Ytra-Fjalli. Þar sem ferjuvatn væri á milli. Fylgdi ég ráðum hans og varð honum samferða að Laxamýri Tók Jón Þorbergsson mér vel og greiddi vel fyrir því að ég geti talað þaðan. Náði hann sambandi við Hóla og var það kona mín sem við mig talaði. Hafði hún brugðið sér norður til að finna systkini sín og vildi láta okkur vita um það jafnframt því að fréttu af okkur. Tafði ég til hádegis hjá Jóni bónda og snéri

svo til baka að Brekknakoti. Einar og Þórður unnu við girðinguna allan þennan dag. Luku við að rekja netið sem eftir var og gaddavírin á norðurlínunni, leystu upp steina í sig og færðu að línunni. Eftir að ég kom til þeirra gengum við frá staurunum undir brekkunni og settum á þeim kafla fjögur stór sig því þarna er slakki mikill.

Sunnudagur 16. ágúst.

Ég um kyrt í Brekknakoti, en Böðvar og Einar ~~með~~ fóru út á Húsavík á söngskemtun sem Siglfirðingar héldur þar um kveldið.

Mánudagur 17. ágúst.

Förum ekki að vinna fyrr en eftir mat og voru þeir Þórður og Einar með mér. Lukum við að setja öll sigin á norðurlínunni og hornsigin á austur-suðurlínunni, röktum gaddavír og undirbjuggum svo að strengja mætti allt netið daginn eftir.

Þriðjudagur 18. ágúst.

Báðir bræður með okkur Einari fyrir mat og strengdum þá netið niður úr. Síðari hluta dagsins var aðeins Þórður með okkur Einari. Gengum við þá frá báðum girðingarspottunum frá hliðinum, yfir skurðinn og út í garð. Var seinlegt að koma þeim girðingum fyrir svo að vel færi.

Miðvikudagur 19. ágúst.

Þórður og Einar með mér allan daginn. Settum niður sig og festum á staura.

Fimmtudagur 20. ágúst.

Þórður og Einar með mér. Lukum við að setja öll aðalsigin og festa netið á staura. Byrjuðum að strengja gaddavír, strengdum alla norðurlínuna og áfram eina strengingu á austurlínu. kl. 4 hætti Þórður og brá sér út á Húsavík, en við Einar héldum áfram að festa gaddavír á staura, og settum sumstaðar 3 - 4 virtengsli (á milli staura) úr gaddavír og niður í net.

Föstudagur 21. ágúst.

~~Báðir~~ Böðvar með okkur Einari 3 st. um morguninn við að strengja gaddavír. Síðari hluta dagsins vorum við Einar að festa gaddavír við staura og tengja hann við netið.

Laugardagur 22. ágúst.

Vorum við Einar inn í Reykjadal. Atlaði ég að síma suður og vita hvort koma mín gæti nokkuð sagt mér um ferðir skógræktarstjóra, sem mig furðaði á að ekki skyldi vera kominn eftir því sem hann hafði ráðgert er við skildum í Reykjavík. En ómögulegt var að ná sambandi suður, og fór ég út í Helgastaði og var þar nóttina.

Sunnudagur 23. ágúst.

Um nóttina struku hestarnir varð Einari allmikil leit úr þeim og fann þá ekki fyrr en vestur á Fljótsheiði og kom með þá kl. 2. Reið ég þá til Breiðumýrar og reyndi í seinni tímanum að ná sambandi við konu mína, en tókst ekki fremur en fyrri daginn. Vorum við um nóttina á Helgastöðum.

Mánudagur 24. ágúst.

Reið ég enn til Breiðumýri og tókst að ná samtali við konu mína. Sagði hún mér að skógræktarstjórinn væri væntanlegur norður til mín, hefði hann farið norður til Akureyrar með Íslandinu. Símaði ég þá að Hálsi og spurði um hann og skógar-mennina. Fékk ég ekki annað að vita en að Ari mundi hafa farið að Grund þá nýlega og að skógræktarstjórinn hefði á laugardaginn talað í síma við skógarvörðinn á Vöglum. Fór ég svo að Helgastöðum og héldum við Einar að Brekknakoti.

Þriðjudagur 25. ágúst.

Unnum við Einar við að festa gaddavír á staura og tengja við netið. Þraut tensla-vírinn og urðum við að rekja sundur gaddavír og var það tafsamt.

Seint um kveldið kom skógræktarstjórinn og var nóttina.

Miðvikudagur 26. ágúst.

Fór ég með Þórði og Einari árla morguns og lukum við að strengja gaddavírsspotta sem eftir var. Gengum við svo Böðvar með skógræktarstjóra með allri girðingunni. Lagði skógræktarstjóri af stað upp úr hádegi og fylgdum við honum inn í Vatns-hlíð og að vaðinu á Reykjadalssá, fengum mikla rignungu og blotnuðum, en brátt skein sólin og vorum við þurrir er við komum að Brekknakoti. Unnum við Einar um kveldið 2 1/2 tíma við að festa gaddavír á staura og við netið.

Fimmtudagur 27. ágúst.

Fóru þeir með mér Einar og Þórður og lukum við það sem eftir var að setja af sigum og festa á staura. Þinnig strengdum við með neti og gaddavír í gilskoru dálftilli til þess að spara undirhleðslu. Annars var eftir að hlaða undir á mörgum stöðum og sunsstaðar allmikið. En þeir bræður vildu ekki tefja sig við það frá slættinum og láta það biða haustsins, sagði ég aðeins fyrir um hvornig aðalundirhleðslugarðarnir skuli vera. Mældi ég svo girðinguna og fylgir hér lítil skitsa er sýnir lögum hennar:

Er mér óhætt að segja að girðing þessi er hin vandaðasta, enda sannfærðist ég um, að til frambúðar muni bezt gefast að nota lægra net og tvo strengi gaddavírs fyrir ofan. Yfir slíkar giringar leika menn sér ekki eins að klofast og þar sem enginn gaddavír er ofan við netið.

Síðari hluta dags tókum við okkur svo upp og fórum alfarnir frá Brekknakoti þar sem okkur hafði liðið ágætlega allan tímann. Héldum við að Helgastöðum og fékk ég Halldór son Friðriks til þess að laga undir og járna 4 hestana.

Föstudagur 28. ágúst.

Höfðu hestarnir strokið enn vestur á Fljótsheiði og urðum því síðbúnari en skyldi frá Helgastöðum. Töfðum snöggvast á Breiðumýri og kvæddum kækur. Áðum hjá Fosshól við Skjálfanda-brú og á Sigríðarstöðum í Ljósavatnsskarði. Hjá tjöldum dönsku mælingarmannanna hjá Hálsi hittu ég Sveinbjörn Sæmundsson, aðal-fylgdarmanninn. Vildi hann ekki annað heyra en að við biðum eftir kaffi þótt framorðið væri. Var því nær háttatíma er við komum að Vöglum, en þarsteinn var að reiða heim af engjunum og kom með síðustu ferðina er við vorum að spretta af hestunum. Tók hann okkur vel og vorum við þar nóttina.

Laugardagur 29. ágúst.

Gengum við Einar með Þorsteini suður í slægjulönd hans, þar sem hann var enn að reiða heyfeng sinn heim. Gengum við feðgar síðan suður á Flatagerði og þaðan út Stóra-Hvamm og heim neðan Þyrarflöt. Var helzt til heitt í skóginum en ánægjulegt var að skoða forna stöðvar og rifja upp gamlar minningar. Er margt þar að athuga og mjög lærdómsríkt. Síðari hluta dags fórum við út að Hálsi, var prófastur ekki heima en frúin tók mér tveim höndum. Símaði ég til tveggja manna til að koma hestum mínum fyrir á meðan ég dveldi á Akureyri og fékk loforð um að Hestamannafélagið mundi sjá fyrir þeim. Síðan héldum við að Nesi og hittum þá bræður heima.

Á heimleiðinni fórum við gegnum skóginn og komum í græðireitinn. Varð ég fyrir vonbrigðum er ég sá reyniviðinn, hann er að vísu samilega hávaxinn en plönturnar eru svo greinóttar og margstofna að þær geta alls ekki talist fallegar. Þó að það kosti dálítla fyrirhöfn hefði þurft að skera þær til er þeim var dreifplantað. Væri sjálfsagt að gera það við þær sem eftir er að flytja til. Talsverðan mun sá ég á því hvað fjallafuran sunnan í Dælarhúsarrústunum hefir vaxið síðustu árin.

En eftir einu tók ég sem mér þótti undarlegt, að sumt af furunni var bitið, en það hafa kýrnar gert sem ganga í skóginum. Annars sást við merki til þess á lágum birkirunnum að kýrnar höfðu verið þar að verki. Sá ég marga runna í útjöðrum og nærri grasflötum heflaða ofan og var þar miklu nær gengið en venja er með sauðfé. Er ekki að efast um að nautpeningur gerir mikinn skaða í skógi og ætti ekki að líðast í friðuðum svæðum.

Um nóttina vorum við á Vöglum.

Sunnudagur 30. ágúst.

Vorum við um kyrt á Vöglum en eyddum mestu af deginum í skóginum. Fór Þorsteinn með okkur niður að Skógarseli í Hrðarstaðanesi og etlaði með okkur víða. En þangað komu menn ~~xxx~~ sem hann þurfti að fara heim með. Náði ég þá í Ásgeir í Nesi, sem þar var staddur og gekk hann með okkur um Vathvannamó, en þar hefi ég ekki komið síðan ég var á Vöglum. Er ekki ofsögum sagt af því hvað skógurinn hefir þroskast þar, sem bæði var lágur og gísinn 1910. Nú er varla um hann hægt að brjótask á sumum stöðum.

Þegar út á veginn kom fóru að rigna. Flýttum við okkur þá út í veitingaskála Kristjáns við brúna og biðum þar af okkur rigninguna. Þangað safnaðist margt gesta sem var að skemmta sér í skóginum, og komust þó festir inn. Gekk svo Kristján með okkur víða um skóginn og alla leið upp á Dalarhús og freddi mig um margt sem ég hafði gaman að sjá og heyra. Á Dalarhúsum mætti Þorsteinn okkur, gengum við þá út á Blómsturvellir og ljúka Góðulág og svo heim efri l. iðina. Hafði dagurinn verið mór til mikillar gleði og ég lært margt af öllu því sem fyrir augun bar. Ræddum við lengi saman um kveldið við Þorsteinn og sagði hann mér margt frá námstíma sínum í Norögi er fróðlegt var að hlusta á.

Mánudagur 31. ágúst.

Héldum við frá Vöglum. Fórum efstu skógarbrautina og niður á gamla veginn. Hafði ég þá í þetta sinn farið um mestan hluta skógarins og haft bæði gagn og gaman af. Til Akureyrar komum við síðari hluta dags og hittum fyrst dýralækni, er athugaði fyrir mig halten fola. Héldum síðan að Caroline Rest og þar lét Benedikt söðlasmiður hirða hestana og reka á haga. Atlaði ég að fá gistingu á Hótel Goðafoss, en þar var allt upptekið. Loksins fengum við inni á Hótel Gullfoss en þurftum að sofa í herbergi með mörgum fleirum.

Þriðjudagur 1. seft.

Hitti ég Bjarna lækni og er hann frétti að ég væri að hugsa um að skreppa inn að Grund, bauð hann að skreppa með okkur Einari þangað um kveldið. Fóru þeir Ari að ljúka störfum þar. Fór ég dálítið um girðinguna, er ánægjulegt að sjá hvað trén hafa þroskast þar,

Miðvikudagur 2. seft.

Um kyrt á Akureyri. Fékk ég hest mína og lét járna tvo af þeim sem eftir voru og annan með hringskeifu. Reið svo með Pétri Lárussyni og konu hans út að Hörgá.

Um nóttina hafði ég hestana í Caroline Rest.

Fimmtudagur 3. seft.

Lögðum við feðgar af stað frá Akureyri síðari hluta dags og héldum að Krossum á Árskógsströnd um kveldið.

Föstudagur 4. seft.

Héldum við vestur Svafaðardal og vestur yfir Heljardalsheiði. Komum að Brekkukoti í Hjáltadal til nágs míns Jóhanns Guðmundssonar laust eftir háttatíma.

Laugardagur 5. seft.

Um kyrt í Brekkukoti fram eftir deginum. Þá reið Johann með okkur fram að Hlíð til Stefáns bróður síns. Hjá honum ætlaði ég að vera nóttina en halda svo vestur daginn eftir. En í Hlíð barst mér orðsending frá konu minni þess efnis að ég ~~ætti~~ talaði við sig í síma frá Hólum áður en ég færi úr Hjaltadal. Gerði ég þá eins ráð fyrir að ég mundi vera um kyrt í dalnum yfir sunnudaginn.

Sunnudagur 6. seft.

Fór ég að Hólum og reyndi að ná samtali við konu mína en tókst ekki. Símaði ég til Viðivalla og fékk það svar að skógræktarstjórinn hefði farið þaðan og ætlað til Holtastaða. Reyndi ég þá að ná sambandi við Holtastaði til þess að láta vita um ferð mína, en ekki var mögulegt að fá Holtastaði til að svara. Fór ég svo að Hlíð og var þar nóttina.

Ménudagur 7. seft.

Fórum við eldsnemna frá Hlíð og fylgdi Stefán mágur okkur. Tafðist ég að Sauðárkróki við að síma suður og náði loksins tali af konu minni. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náði ég ekki Holtastaði og gat ekki frétt neitt um ferðir skógræktarstjóra. Héldum við svo áfram og fylgdi Stefán okkur yfir Kolugafjall. Eftir það vorum við einir og komum á Blönduós í myrkri. Kom ég hestunum hvergi á haga og varð að hýsa þá og gefa hey. Á gistihúsinu frétti ég að þar hefði skógræktarstjórinn verið nóttina áður og riðið um morguninn inn í Vatnsdal.

Þriðjudagur 8. seft.

Hringdi Þorsteinn á Dyjólfsstöðum mig upp og sagði mér að skógræktarstjórinn væri þar staddur og talaði ég við hann. Héldum við svo að Saurba og vorum þar nóttina.

Miðvikudagur 9. seft.

Fórum við Einar út að Njálfsstöðum, var aðalerindið að mótast við Þorstein um föla sem hann þurfti að koma suður í Reykjavík og til mála komið að ég tæki hann með, þó var ekkert úr því, sem myndir vóru teknar af fölanum til að sýna væntanlegum kaupanda fyrir sunnan. Á Njálfsstöðum ákváðum við skógræktarstjóri að leggja suður Grímstunguheiði næsta morgun. Urðum við svo allir samferða frá Njálfsstöðum. Fór skógræktarstjórinn að Haukagili til gistingar en við feðgar að Saurbæ. Um kveldið skrapp Gísli með mér að Grímstungum.

Fimmtudagur 10. seft.

Héldum við svo yfir Grímstunguheiði, hreptum bezta verður og höfðum mjög greiða ferð. Náðum snemma að Kalmannstungu og gistum hjá Stefáni bónda.

Föstudagur 11. seft.

Héldum við ~~xxoxyfirkxóxfimstunguheiði~~ suður Kaldadal, og höfðum góða ferð. Komum að Skógarkoti fyrir rökkur. Fór Einar með skógræktarstjóra út Valhöll til þess að sækja hestana sem vóru á túninu í Skógarkoti um nóttina ásamt mínum

Laugardagur 12. seft.

Fór ég með hesta skógræktarstjóra út í Valhöll. En upphaflega ætlaði ég ásamt Einari með mína hesta austur að Laugarvatni og láta þá jafna sig þar í góðum högum. En frá Valhöll símaði ég til konu minnar, sem vildi síður að við færum austur í Laugardal og suður í gegnum Grímsn síð vegna taugaveikinnar, sem allir varu hræddir við. ~~En~~ Fór ég að Skógarkoti og aftréð að skilja hestana þar eftir í skóginum á meðan ég skryppi suður. Hafði Jóhann mælt til að ég yrði við upptöku skógar, helzt næstu viku, og gerði ég ráð fyrir að svo gæti orðið. Um kveldið komust við Einar með bíl frá Þingvöllum til Reykjavíkur. Þegar suður á heiðina kom fór að rigna og grignði afskaplega um kveldið þar með var ferðinni lokið og hafði hún tekið 58 daga.

Bingvallaför

Föstudaginn 18. seft.

För ég í bifreið til Bingvalla til þess að vera við grisjun í Skógarkoti og Hrauntúni. En nú var skift um veðráttu svo að segja mátti að aldrei kæmi uppstytta alt til mánaðarmóta. Aðeins tvo daga gat talizt að vinna metti í skógi án mikilla hrakninga, en þá hittist svo á, að báða þá daga voru allir bundnir við smalamennsku og enginn til að sinna skógarvinnu. Er skemst frá að segja að aldrei gaf í skóg af þessum ástæðum og ekkert grisjað.

Um helgina 27. seft. veiktist ég og lá mest fyrir. Var hráslagalegt og ónotalega kalt í þennum svo að ég kvefaðist. Fékk ég slæmt "astmakast" og var illa haldinn um natúr vegna hósta. Þóttist ég vita þá að lokið væri allri útiveru af minni hendi um sinn, og ekki um annað að gera en komast sem fyrst nēður yfir heiði og heim. En aðaláhyggjuþefni mitt voru hestarnir, sem allir voru í Skógarkoti og ég þurfti að koma suður en enginn ferð þá.

Miðvikudagskveldið 30. seft. gisti í Skógarkoti maður norðan úr Miðfirði sem var á leið til Hafnarfjarðar með sláturfé, en menn hans voru með reksturinn á Kárastöðum og ætluðu að leggja af stað þaðan með birtu næsta morgun. Samdist nú svo með okkur að hann biði um morguninn eftir því að hestunum mínum væri náð og ég reyndi að verða honum samferða, ef mér værsnaði ekki um nóttina.

Fimmtudaginn 1. okt. dreif ég mig svo með manninum, þótt ég lasinn væri, og varð ég honum samferða þar til við náðum rekstri-
inum nokkuð austar en Svavastaðir. Kom mér samfylgd þessi vel, en var svo eins míns lífs úr því, Kom ég að Laxnesi og símaði heim til mín. Etláði ég að fá Einar á móti mér en hann hafði þá nýlega brotið aðra handleggspípuna og þorði móðir hans ekki að láta hann fara. Símaði ég þá til Daniels og ráðsmannsins í Tungu, en hvorugur heima. Var ég því einn alla leið og farnaðist vel. Skildi hestana eftir í Tungu og kom þeim þar á túnbeit.

Hafði ferðin varið 14. daga. Hestana hafði ég svo á túninu í Tungu þangað til á mánudagsmorgun 5. okt. þá sendi ég

Einar son minn austur að Ölfusárbrú og einn af hestum Skóg-
rektorinnar, en þangað fóru þeir sóttir frá Kallaðarnesi.

Þar með var starfi mínu lokið þetta haust. Átti ég að fara
austur að Laugarvatni og kenna nokkendum skólans grísjun eins
og haustið áður. En ég var svo lasinn og öðru hvoru við rúmið
að ég treysti mér ekki.

Reykjavík 10. júní 1932.

Einar E. Samundsen.